

Landsyfirrjettardómar 1883.

Mánudaginn 15. janúarmán.

Nr. 16/1882

Bjarni Jóhannesson

gegn

Jóni Jónssyni

Dómur:

Þegar mál það, sem hjer er áfrýjað til yfirdómsins, 4. þessa mánaðar átti að koma fyrir rjettinn, mætti málaflutningsmaður Páll Melsteð af hendi áfrýjanda, og lagði fram löglega birta stefnu ásamt öðrum skjölum og skilríkjum, er hníga að málinu. Í rjettinum mætti einnig Vigfús nokkur Guðnason og lagði fram beiðni frá málaflutningsmanni þorsteini Jónssyni til landshöfðingja um, að nefndur Vigfús fengi löggilding til þess sín vegna að mæta, biðja um frest og fá málskjölin ljeð í málinu: Jón Jónsson á Munkaþverá gegn Bjarna Jóhannessyni, með áritaðri löggildingu landshöfðingja handa Vigfúsi til að mæta í því máli. Málaflutningsmaður áfrýjanda kvaðst mótmæla því, að Vigfús mætti í því máli, er hann þann dag lagði í rjett, því löggildingin ætti við allt annað mál.

Þótt það nú að vísu sje sennilegt, að það sje gáningsleysis ritvilla af hendi málaflutningsmanns Þorsteins Jónssonar, er hann biður landshöfðingja

að löggilda Vigfús Guðnason til að mæta fyrir sig í málinu: Jón Jónsson gegn Bjarna Jóhannessyni, og meining hans í rauninni hafi verið að biðja um löggilding handa honum í því máli, sem hjer er áfryjað, virðist yfirdóminum samt ekki verða komizt hjá samkvæmt kröfu málaflutningsmanns áfryjanda að líta svo á, sem að enginn hafi mætt af hendi hins stefnda, og ber því að dæma málið samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilskip. 3. júní 1796 2. gr. eptir þeim skjölum og skilríkjum, sem fram eru komin.

Í hjeraði hefur afstöðuuppdráttur verið lagður fram í málinu, og riðið á þrætulandið; segir í undirdómsgjörðunum: “uppdrátturinn var borinn saman við landslagið, og í öllu verulegu fundinn rjettur, og var það hið verulegasta, er að var fundið, að Þverárhólmi var á uppdrættinum gjörður nokkuð of mjór. Var hann við áreiðina mældur eptir kröfu hins stefnda, og fannst hann að vera c. 100,000 ferhyrningsfaðmar, o. sv. fr.—Hvorugur málsparta hefur að öllu samþykkt uppdráttinn; hefur hinn stefndi sett það útá hann fyrir hjeraðsdóminum, að á hann vanti glögg merki þar sem bæirnir Syðragil og Yztagil eru fyrir vestan Eyjafjarðará; en áfryjandi hefur í hjeraði farið um uppdráttinn þessum orðum: “Uppdráttinn yfir landið má brúka við hjeraðsdóminn, af því mennirnir eru kunnugir, sem dæma í málinu, en verði málinu skotið til landsyfirrjettar, mótmæli jeg honum sem óhafandi. Á uppdráttinn vantar nöfnin á farvegunum og áttavita og nokkra bæi, og lækinn hjá Ytrahóli,.—

Yfirdómurinn verður nú að álíta, að áreiðin ekki hafi bætt úr göllum þeim, sem eru á uppdrættinum, og sem yfirdómurinn telur að sjeu:

- 1, að ekki eru tilgreind örnefni á farvegum þeim, sem á uppdrættinum eru milli Syðstafarvegs og Yztafarvegs eða Bræðrakýls,
- 2, að ekki er sýnd afstaða bæjanna Ytrihóls, Syðrihóls, Grafar, Skálpagerðis, Syðragils, og Yztagils, nje lœksins hjá Ytrahóli,
- 3, og að enginn áttaviti er á uppdrættinum, og eru þessir gallar svo mikilvægir, að ekki er unnt að leggja úrslit á þrætuefnið í málinu, meðan ekki er úr þeim bætt. Þegar þar við bætist, að enginn regluleg áreiðargjörð er fram komin undir málinu, en þess að eins getið, að riðið hafi verið á landið, verður ekki hjá því komizt samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, sbr. tilskip. 31. marz. 1719, að dæma undirdóminn ex officio ómerkan. — Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á ómerkur að vera.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. janúarmán.

Nr. 7/1882

Skiptaráðandinn í dánarbúi
Halldórs Kristjánssonar
og Sigurbjargar Sigurðardóttur
gegn

Sigurði umboðsmanni Guðnasyni.